

TILLAGA

að breytingum á samþykktum fyrir Byr sparisjóð. Lögð fram á aðalfundi hinn 13. maí 2009

1. *Í 23. gr. verði gerðar breytingar á reglum um framboð og kosningu til stjórnarsetu. Markmiðið er að gera reglur um framboð til stjórnar og kosningafyrirkomulag einfaldari og skýrari. Krafa um meðmælendur er felld út enda hvorki í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga né viðurkennd viðhorf í félagarétti. Með hliðsjón af dreifðri og misjafnri eignaraðild að stofnfé sparisjóðsins þykir ekki eðlilegt að hefta með þessum hætti möguleika stofnfjáreigenda á að gefa kost á sér til stjórnarkjörs.*

Reglunum um framkvæmd stjórnarkjörs er breytt til samræmis við ákvæði laga um hlutafélög. Almenna reglan verður meirihlutakosning og persónukjör en einnig er heimilt að bjóða fram lista og hver stofnfjáraðili sem er getur áfram lagt fram ósk um hlutfallskosningu.

Greinin hljóðar nú svo:

„Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn og tveir til vara, kjörnir af stofnfjáreigendum. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. málsl. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002.

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna það skriflega til sparisjóðsstjórnar með meðmælum minnst tíu stofnfjáreigenda og samþykki frambjóðenda eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Til að atkvæði sé gilt þarf stofnfjáreigandi að krossa við nöfn fimm frambjóðenda til stjórnarsetu.

Kosning skal vera hlutbundin, ef þess er óskað, enda hafi skrifleg ósk þar um borist stjórninni eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Framboðslistum skulu fylgja meðmæli minnst tíu stofnfjáreigenda og samþykki frambjóðenda. Framboðslistum skal skilað í hendur stjórnar eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

Stjórnarmenn og endurskoðandi mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra innlánsstofnana né vera starfsmenn þeirra, nema þeir séu fulltrúar sparisjóðsins í slíkri stjórn sbr. reglur stjórnar skv. 2. mgr. 25. gr laga nr. 161/2002. “

Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Stjórn sparisjóðsins skipa fimm menn og tveir til vara, kjörnir af stofnfjáreigendum. Minnst helmingur stjórnarmanna skal búsettur hér á landi sbr. þó 2. málsl. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002.

Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera eitt ár, frá aðalfundi til aðalfundar.

Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarsetu skulu tilkynna það skriflega til sparisjóðsstjórnar eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Til að atkvæði sé gilt þarf stofnfjáreigandi að krossa við nöfn fimm frambjóðenda til stjórnarsetu og tveggja til vara.

Við kjör stjórnar skal kosið á milli einstaklinga eða lista með nöfnum fimm einstaklinga til setu í stjórn og tveggja til vara. Beita skal meirihlutakosningu nema að ósk berist um það frá stofnfjáreiganda að beitt verði hlutfallskosningu. Þarf óskin að berast skriflega til sparisjóðsstjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Framkvæmd kosninganna fer að öðru leyti eftir ákvæðum 63. gr. og 63. gr.a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Stjórnarmenn og endurskoðandi mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra innlánsstofnana né vera starfsmenn þeirra, nema þeir séu fulltrúar sparisjóðsins í slíkri stjórn sbr. reglur stjórnar skv. 2. mgr. 25. gr laga nr. 161/2002. “

- 2. Breyting verði gerð á 1. mgr. 24. gr. í þá veru að fella niður skyldu stjórnar til að kalla saman fund stofnfjáreigenda þegar stjórnarmaður deyr, segir af sér eða missir kjörgengi. Ákvæði þetta var nauðsynlegt á meðan eingöngu voru kjörnir fimm aðalmenn og engir til vara. Eftir að samþykktum Byrs var breytt í þá veru að jafnframt skyldu kosnir tveir stjórnarmenn til vara, var þetta ákvæði óþarft og í ósamræmi við ákvæði 64. gr. laga um hlutafélög. Viðurhlutamikið er að kalla saman fund allra stofnfjáreigenda til að kjósa nýjan aðalmann í stjórn og engin rök til þess svo lengi sem varamanns nýtur.*

Greinin hljóðar nú svo:

„Sparisjóðsstjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Deyi stjórnarmaður eða kjörgengi stjórnarmanns fellur niður á annan hátt skal kalla saman fund stofnfjáreigenda innan þriggja mánaða og kjósa annan í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu.“

Eftir breytinguna hljóðar hún þannig:

„Sparisjóðsstjórn kýs sér formann og varaformann á fyrsta stjórnarfundum eftir kjör hennar og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. “